

Ríkissaksóknari

Fyrirmæli

Útgáfudagur:

Gildistaka:

RS: 12/2009

07. október 2009

07. október 2009

Efni: Mál sem send eru ríkissaksóknara til ákærumeðferðar.

I. Frágangur málgagna

Rannsóknargögn skal senda ríkissaksóknara í frumriti og afriti. Fjöldi afrita ræðst af fjölda sakborninga sem ætla má að muni sæta málshöfðun, sem og af fjölda brotþola sem eru með einkaréttarkröfu, auk eintaks sækjanda. Ekki er nauðsynlegt að senda afrit af rannsóknargögnum telji lögreglustjóri málið ekki líklegt til sakfellis.

Skjöl skulu vera í skjalakápu eða skjalamöppu, vandlega skjálmerkt og með viðeigandi skjálaskrá. Óskjalmerkt fylgiskjöl skulu vera aðgreind frá merktum rannsóknargögnum.

Geisladiskar með hljóð- og/eða myndupptökum, s.s. af skýrslutökum eða úr eftirlitsvélum, skulu fylgja rannsóknargögnum í viðeigandi plastvösum. Merkja skal þá með viðeigandi málsnúmeri og auðkenna um efni disks.

Að frátöldum myndupptökum, s.s. úr eftirlitsmyndavélakerfi, skal að jafnaði ekki senda haldlagða muni með rannsóknargögnum. Skjali á erlendu tungumáli, sem telst vera mikilvægra málgagna, skal að jafnaði fylgja þýðing á íslensku unnin af löggiltum skjalapýðanda.

II. Skráning í málaskrá

Yfirfara skal skráningu máls í málaskrá (LÖKE) og gæta þess sérstaklega að brotaflokkar og sakborningar séu rétt skráðir.

Skrá skal sendingu máls með viðeigandi ferli sem næst þeim degi er málgögn eru send.

III. Samantekt ákæranda

Máli skal fylgja samantekt ákæranda um sönnunarstöðu málsins, en þar komi fram hvort það sé líklegt til sakfellis og þá að hvaða broti/brotum ákæra gæti beinst.

Auk þess skal tiltaka þau atriði sem ákærandi telur að geti haft áhrif á málshöfðun, t.d. mikilvæg sönnunargögn, fjölda vitna, myndbandsupptökur, tæknirannsóknir o.s.frv. Samantekt þessi skal ekki vera meðal skjálmerktra rannsóknargagna.

IV. Sakarkostnaðaryfirlit

Málum skal fylgja yfirlit sakarkostnaðar, yfirfarið af ákæranda, ásamt ljósriti af reikningum sem yfirlit tekur til.

V. Bréf lögreglustjóra

Máli skal fylgja bréf lögreglustjóra til ríkissaksóknara þar sem m. a. skal skýrt tekið fram hvaða mál sé sent (málsnúmer lögreglu) og á hvaða grundvelli það sé gert. Ef sakborningur sætir **gæsluvarðhaldi eða farbanni** skal það tekið fram í bréfi lögreglustjóra og upplýst hvenær því lýkur. Þegar þannig stendur á, skulu rannsóknargögn berast ríkissaksóknara eigi síðar en **5 virkum dögum** áður en gæsluvarðhald eða farbann rennur út. Sé það ekki unnt, skal haft samband við embætti ríkissaksóknara með hæfilegum fyrirvara þar sem farið er yfir stöðu málsins og sammælt um hvernig best megi vinna að því.

VI. Sending málgagna

Rannsóknargögn og önnur málgögn skulu send ríkissaksóknara í ábyrgðarpósti eða með öruggri boðsendingu.

Valtýr Sigurðsson